

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 102/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gústaf Adolf Þórarinssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1993 að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á dómi héraðsdóms.

Ákærði krefst sýknu í málinu.

Hér fyrir dómi reynir eingöngu á saknæmi þess verknaðar, sem um ræðir í fyrri lið ákæru. Kæra vegna hans var dregin til baka með skriflegri yfirlýsingu haustið 1991, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Í framhaldi af því staðfesti ríkissaksóknari með bréfi 12. júní 1992 til bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, að ekki væri krafist frekari aðgerða í málinu. Upplýst er, að kærandi og ákærði ákváðu að taka aftur upp sambúð skömmu eftir, að kæran var afturkölluð, en þau höfðu þar áður átt heimili í næsta nágrenni hvort við annað. Þjuggu þau saman í íbúð, sem ákærði festi á kaup, þar til atvik þau gerðust, sem lýst er í síðari lið ákæru. Óskaði kærandi þá eftir endurupptöku á málinu, auk þess sem hún kærði síðari atburðinn.

Ljóst verður að telja, að fyrrgreind ákvörðun ákærvalds um að fella niður aðgerðir var ekki tekin vegna annars en þeirrar yfirlýsingar, sem fyrir lá frá kæranda. Var ríkissaksóknara rétt að veita samþykki við endurupptöku málsins, sbr. 3. mgr. 28. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gústaf Adolf Þórarinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 13. febrúar 1993.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. f. m., er höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. nóvember 1992, á hendur Gústaf Adolf Þórarinssyni, Vesturvegi 20, Vestmannaeyjum. Málið sætti aðalmeðferð og munnlegum málflutningi, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991.

Dómkröfur ákæranda eru þær, að ákærði verði sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir, en þar er henni og ákæruatriðum lýst með eftirgreindum hætti:

„Fyrir tvær líkamsárásir í Vestmannaeyjum með því að hafa veist að sambyliskonu sinni, Halldóru Jennýju Hilmarsdóttur, fæddri 11. janúar 1969, svo sem hér greinir:

1) Aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 að Áshamri 65 gripið um kverkar henni, slegið hana hnefahögg á hægri vanga, skellt henni í gólfið, slegið hana liggjandi mörg högg í andlit með olnbogum og sparkað í hana með þeim afleiðingum, að hún marðist á kálfum, hálsi og undir höku og marðist og bólгнаði yfir kinnbeinum.

2) Aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992 að Vesturvegi 20 veist að henni með höggum og spörkum, tekið um hár henni og dregið hana niður á gólfið, sparkað í hana liggjandi og, er henni tókst að hlaupa út úr húsinu, sparkað í hana, svo að hún féll í jörðina, og slegið höfði hennar utan í hurðarkarm útidyra með þeim afleiðingum, að hún marðist á öllum útlimum, baki, öxlum, maga, lendum, lærum og hársverði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.“

Ákærandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða eru gerðar þær dómkröfur, að ákærði verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins verði greidd úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Fyrri ákæruliður.

Ákærði neitar afdráttarlaust sök í málinu, og ber mikið í milli í framburði ákærða og Halldóru Jennýjar. Með hliðsjón af því, sakargögnum og því, sem að öðru leyti hefur fram komið við meðferð málsins, verður málsatvikum svo lýst:

Laust eftir klukkan tvö aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 barst lögreglunni í Vestmannaeyjum beiðni um síma um lögregluaðstoð að Áshamri. Þótt upplýsingar væru takmarkaðar, fóru lögreglumenn að fjölbýlishúsinu nr. 65 við Áshamar, og með því að ganga á hljóðið töldu þeir sennilegast, að umbeðna aðstoð mætti rekja til íbúðar á annarri hæð til hægri í nefndu húsi. Lögreglumennirnir knúðu dyra, og opnaði þá Halldóra Jenný og var í mikilli geðshræringu. Sagði hún ákærða hafa barið sig, en ákærði neitaði því og kvaðst ekkert hafa gert. Eftir nauðsynlegar lögregluaðgerðir með könnun á viðhorfum ákærða og kæranda til málsins og vettvangsathugun fóru lögreglumennirnir með málsaðila í lögreglubífreiðina, þó þannig, að aðskildir væru. Var farið með kæranda á sjúkrahúsið, en með ákærða á lögreglustöð til frekari skýrslutöku. Í læknisvottorði, dagsettu 9. ágúst 1991 (dskj. V, 6, 1), Hjalta Kristjánssonar heimilislæknis, sem skoðaði kæranda strax við komu hennar á sjúkrahús, segir m. a.:

„Slasaða kom hér 3. 8. sl. vegna líkamsárásar. Hún sagði svo frá, að fyrrverandi sambýlismaður, Gústaf Þórarinnsson, hefði ráðist á sig heima hjá Halldóru um nóttina. Kom hingað beint. Hann sparkaði í báða kálfa, það sást nýtt hematoma um miðjan vinstri kálfa, blái liturinn var ekki kominn út. Hann hafði einnig sparkað í bakið. Hún hafði verki paralumbalt. Ekki var neitt sérstakt að sjá við skoðun. Einnig kýldi hann hana í andlitið, og var slasaða með mikla blæðingu yfir báðum kinnbeinum, en engan opinn skurð. Einnig voru húðblæðingar hægra megin á hálsi að framan. Þeir pössuðu við lýsingu hennar á því, að hún hefði verið tekin kverkataki. Það var áfengislykt af slösuðu, og hún grét, en var ekki áberandi ölvuð.“

Vitnið Hjalti hefur staðfest vottorðið hér fyrir dómi. Vitnið staðfesti, að tilgreindir áverkar í ákæru væru í samræmi við skoðun vitnisins á kæranda og um væri getið í áverkavottorðinu. Vitnið sagði það rétt vera, að blóðgullinn á miðjum vinstri kálfa benti til þess, að Halldóra Jenný hefði fengið töluvert mikið högg á kálfann.

Um aðstæður á vettvangi við komu lögreglu segir svo í frumskýrslu lögreglu (dskj. V, 1, 1):

„Er við komum inn í íbúðina, lá mynd, sem hefur hangið á vegg, við dyrnar að stigaganginum niðri, síminn lá einnig á gólfinu, og var símtólið af honum.“

Vitnið Ellert Magnússon, sem sá um frumskýrslugerð í málinu, sagði, er það var spurt, hvort merki um átök hefðu verið á vettvangi, að því hefði vírst sem mynd hefði dottið niður, og síminn hefði ekki verið á sínum stað. Vitnið kvaðst einnig hafa litið inn í svefnherbergi og stofu, og virtist vitninu sem hlutir hefðu þar færst úr stað.

Vitnið Halldór Sveinsson lögreglumaður, sem einnig fór á vettvang, sagði, er það var spurt um, hvort merki hefðu verið um átök: „Ekki stórvægilegt, en hugsanlega mynd brotin.“ Þá var þetta sama vitni spurt, hvort sími í forstofu hefði verið á sínum stað, og sagði vitnið þá: „Nei, hann var ekki í lagi. Það var eins og það væri búið að rífa hann úr sambandi.“ Enn spurt, hvort það væri öruggt um, að síminn í forstofunni hefði ekki verið á sínum stað, sagði vitnið: „Mig minnir, að það hafi verið vegg-sími á vinstri hönd, þegar maður kemur inn, og ég tel, að hann hafi ekki verið í sambandi.“ Vitnið var þá spurt, hvort það hefði farið inn í svefnherbergi, og sagði þá: „Ég man ekki eftir því.“

Ákærði segir, að föstudaginn 2. ágúst 1991 hafi Halldóra Jenný boðið sér í mat og hann þegið það boð. Þau hafi síðan farið saman inn í Dal, þar sem haldin hafi verið þjóðhátíð Vestmannaeyja. Þeim hafi sinnast í tjaldi á hátíðarsvæðinu og hún hlaupið í burtu og hann farið á eftir heim til sín, en á þessum tíma bjuggu þau í sömu fjölbýlishúslengjunni, hann að Áshamri 63, en hún að Áshamri 65. Ákærði segir, að Halldóra Jenný hafi hringt til sín og beðið sig að koma yfir til sín. Hann hafi gert það. Þar hafi komið til rifrildis milli þeirra. Orðið hafi stimpingar og læti, eins og ákærði orðaði það. Halldóra Jenný hafi rekist í dyrakarm og rúm og hringt í lögregluna. Ákærði segir, að það sé rétt, að hann hafi reynt að koma í veg fyrir, að hún hringdi á lögregluna. Í huga sér hafi það legið ljóst fyrir, að hún hafi ætlað að láta lögregluna hirða sig og hann ekki kært sig um það. Hann kveðst hafa séð áverkana á henni og vitað, að hann yrði hirtur, ef hún næði að hringja. Nánar spurður um átök þeirra á milli sagði ákærði, að þau hefðu rifist og hún ráðist á sig, þau hefðu tuskast eitthvað til, áður en hún hljóp í símann.

Ákærði var nú beðinn að gera grein fyrir því, hvernig Halldóra Jenný hefði fengið þá áverka, sem í ákæruskjali greindi. Hann kvaðst þá ekki geta lýst því betur en hann væri þegar búinn að segja, því að hann væri þegar búinn að segja, að eftir stimpingarnar hefði hún hlaupið á dyrakarm og dottið þaðan á rúmið. Ekki kvaðst ákærði muna nákvæmlega, hvernig hún hefði dottið utan í rúmið, en áverkar hefðu verið á henni eftir það og það verulegir að mati ákærða, og sagði hann áverkana hafa verið í andliti. Ekki treysti ákærði sér til að segja til um, hvernig hún marðist á kálfa og undir höku, og ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir, hvort áverkarnir á báðum kinnbeinum hefðu orðið við þetta fall.

Vitnið Halldóra Jenný segir, að hún hafi verið í þann mund á fara úr íbúðinni, er ákærða bar þar að. Hann hafi verið mjög vondur, reiður og æstur. Hann hafi tekið sig strax og skellt sér upp við vegg, grýtt sér á gólfið og lamið sig í forstofunni. Vitnið segist hafa ætlað að komast í símann í forstofunni, en hann hafi grýtt honum í gólfið, svo að vitninu tókst ekki að komast í hann. Þótt ákærði hafi verið búinn að lemja sig mikið, kvað vitnið sér með einhverjum hætti hafa tekist að komast inn í svefnherbergið í þeim tilgangi að ná í takkasíma, sem þar hefði verið við hliðina á svefn-dýnum. Vitnið kvaðst hafa náð að hringja í 000 og biðja um hjálp að Áshamri 65 og beðið lögregluna að koma þegar í stað. Vitnið sagði, að ákærði hefði heyrt þetta og hent vitninu harkalega niður á dýurnar. Kærandinn, Halldóra Jenný, sagði, að ákærði hefði nú slegið sig og hún við það lent á gólfinu. Þar hefði hann sest klovfga ofan á sig og með fótunum klemmt hendur hennar fastar, rífið fót hennar og kýlt hana í andlitið og notað bæði olnboga og hendur og þó aðallega olnboga. Hún hefði sem snöggvast misst meðvitund, hann tekið hana kverkataki, en óljóst myndi hún eftir því, að hann hefði sleppt takinu við það, að hún nefndi nafn barnsins. Hún sagði, að sér hefði nú tekist að komast frá honum og lögreglan komið á staðinn.

Meðal rannsóknargagna er vettvangsrannsókn, er Gísli I. Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður gerði með aðstoð Hjalta Kristjánssonar heilsu-gæslulæknis 13. ágúst 1991, en ákærði hafði þá daginn áður gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanninum. Lögreglumaðurinn, sem gefið hefur skýrslu hér fyrir dóminum um rannsóknaraðgerðir sínar, sagði, að tilgangurinn með vettvangsrannsókninni hefði verið sá að reyna að glöggva sig á því, hvort Halldóra hefði getað hlotið þessa áverka í andlitið á þann hátt, sem ákærði tilgreindi. Við vettvangsrannsókn hefðu verksummerki verið skoðuð, dyrafaldur og barnarúm, og hvort tveggja ljósmyndað (dskj. V, 7.). Vitnið sagði, að heilsugæslulæknirinn hefði verið kallaður til vegna sérþekkingar hans, en skýrslur sínar hefðu þeir unnið hvor fyrir sig. Í lög-regluskýrslu, dagsettri 13. ágúst 1991 (dskj. V, 5, 1), greinir vitnið frá vettvangsrannsókninni með eftirgreindum hætti:

„Vettvangur: Íbúð Halldóru Jennýjar Hilmarsdóttur að Áshamri 65, Vestmannaeyjum.

Ráðstafanir: Teknar ljósmynir af hurðarkarmi og „geretti“ við inngang í svefnherbergi. Teknar ljósmyndir að barnarúmi í svefnherbergi Halldóru.“ Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir:

„Það verður að teljast mjög ólíklegt, að Halldóra hafi hlotið þessa áverka við það að skella utan í hurðarkarminn eða barnarúmið. Hafi hún skollið utan í karminn, er vísast, að hún hefði hlotið áverka á augabrún. Barnarúmið er veigalítið rimlarúm, og má telja útilokað, að Halldóra

hafi hlotið áverka í líkingu við þá, sem hún bar, við það að skella utan í rúmið.“

Í vottorði, sem heilsugæslulæknirinn gaf út sama dag, 13. ágúst 1991, kemst hann að sömu niðurstöðu og rannsóknarlögreglumaðurinn, því að þar segir í niðurstöðu:

„Af framansögðu má álykta, að ég tel útilokað, að Halldóra hafi fengið þá áverka, sem hún fékk á bæði kinnbein samtímis, ég tel svo til útilokað, að hún hafi fengið þá af hurðarkarminum eða barnarúminu án þess að fá aðra áverka, sem ég hef áður nefnt, en þá hlaut hún ekki. Hinn hugsanlegi aðdragandinn, þ. e., að hún hafi verið kýld á bæði kinnbein, stent mun betur, og hafði Halldóra dæmigerða áverka eftir slík högg.....“

Viðstödd vettvangsrannsókn var að sögn vitnisins Gísla húsráðandi, Halldóra Jenný Hilmarsdóttir, en ákærða var kynnt niðurstaða rannsóknaraðila daginn eftir, þ. e. 14. ágúst 1991 (dskj. V, 5, 2).

Vitnið Ellert Sigurður Magnússon, sem var við lögreglustörf í Vestmannaeyjum þjóðhátíðarhelgina 1991 og sá, eins og að framan greinir, um frumskýrslugerð í málinu, sagði, að kærandi, Halldóra, hefði borið merki um að hafa orðið fyrir líkamsárás. Vitnið sagði, að andlit Halldóru hefði verið mjög bólgið. Reyndar kvaðst vitnið aldrei hafa séð svo bólgið andlit áður. Vitnið greindi frá slæmu andlegu ástandi Halldóru við komu á sjúkrahúsið og sagði hana hafa verið æsta, hún hefði æpt og öskrað og ekki getað setið kyrr. Hún hefði kveinkað sér yfir ástandi sínu og valið ákærða kallar kveðjur.

Vitnið Ásdís Sveinbjónsdóttir sagðist hafa hitt kæranda á hátíðarsvæðinu við hústjöldin. Kvað vitnið þær Halldóru hafa setið og spjallað saman daggóða stund. Ákærði hefði legið sofandi í tjaldinu, sem þær hefðu setið í. Þær hefðu síðan ætlað á salerni, en ákærði komið á eftir þeim og slegið til kæranda og einnig til vitnisins. Það sagði, að upp úr þess hefðu upphafist læti, en vitnið mundi málsatvik ekki frekar. Vitnið kvaðst hafa verið frekar mikið ölvað.

Vitnið Hörður Þórðarson leigubifreiðarstjóri staðfesti að hafa ekið kæranda úr Herjólfsdal að heimili hennar 3. ágúst 1991. Vitnið sagðist ekki hafa séð á henni áverka. Halldóra bað vitnið að bíða, og taldi vitnið sig þá hafa séð á eftir ákærða inn í húsið. Vitnið sagði, að Halldóra hefði látið sig hafa peninga fyrir komandi akstursgjaldi og haft orð um, að hún yrði fljót, en þegar vitnið var búíð að bíða daggóða stund, kvaðst það hafa tekið ákvörðun um að aka í burtu.

Vitnin Eysteinn Gunnarsson og Íris Róbertsdóttir, sem bjuggu eins og Halldóra að Áshamri 65 og voru samferða henni í leigubifreiðinni, staðfestu einnig, að engir áverkar hefðu þá verið á henni.

Tæpum tveimur mánuðum eftir, að kærandi hafði staðfest við lögreglu

kæru sína um líkamsárás á hendur ákærða, hinn 26. september 1991, dró hún kæru sína til baka (dskj. XII.) með svohljóðandi yfirlýsingu:

„Af persónulegum ástæðum neyðist ég til að draga kæru mína á hendur Gústaf A. Þórarinssyni, kt. 130563-5119, Áshamri, Vestmannaeyjum, til baka. Kæra mín byggðist ekki á röngum sakargiftum, en ég vil draga hana til baka.“

Hinn 11. september 1992 (dskj. X.) fór kærandi, Halldóra, hins vegar formlega fram á það við rannsóknarlögregluna í Vestmannaeyjum, að hún fengi að endurnýja kæru sína. Kvaðst hún nú gera kröfu um, að ákærða yrði refsað. Um ástæðuna til þess, að hún dró kærana til baka 26. september 1991, sagði kærandi, að það hefðu verið hótanir ákærða í sinn garð og móður sinnar. Kvað hún ákærða hafa hótað því, að ef hún félli ekki frá kærinni, myndi hann láta lán falla á móður hennar og hún myndi auk þess sæta líkamsmeiðingum af hans hálfu.

Sakargögn greina frá þó nokkrum tilfellum fyrir og eftir tilgreindan atburð, þar sem Halldóra Jenný kvartar við lögreglu vegna ætlaðra líkamsmeiðinga, er hún hafi mátt þola af hendi ákærða, án þess að því fylgdi formleg kæra af hennar hálfu.

Þótt ákærði hafi ekki átt sama lögheimili og Halldóra Jenný á því tíma-bili, sem hér um ræðir, virðast samskipti þeirra hafa verið nánin, en ákærði bjó í næsta stigagangi við Halldóru, og þau áttu saman dreng, sem þá var á öðru aldursári, fæddan 20. janúar 1990.

Ríkissaksóknari og hann einn átti málshöfðunarrétt í máli þessu, sbr. 2. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940 og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 19/1991. Þegar ríkissaksóknari höfðaði málið með ákæru, dagsettri 3. nóvember 1992, lá fyrir skýr afstaða Halldóru Jennýjar til málsins (dskj. X.). Krafðist hún þess, að ákærða yrði refsað. Ákæruvaldinu var rétt og skylt að höfða mál þetta.

Ákærði og Halldóra Jenný eru ein til frásagnar um, hvað gerðist aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 á heimili Halldóru að Áshamri 65, er varð til þess, að hún hlaut þá áverka, sem í ákæru greinir. Til athugunar kemur framburður þeirra og þá höfð hliðsjón af áverkum Halldóru. Vettvangsathuganir og önnur sýnileg sönnunargögn málsins, er varpað geta ljósi á það, hvernig áverkarnir eru til komnir, koma hér einnig til athugunar.

Ljóst er, að mikið ber í milli í framburði ákærða og Halldóru. Ákærði segir, að komið hafi til rifrildis milli þeirra og orðið hafi stimpingar og læti og hún rekist í dyrakarm og rúm og hringt á lögregluna. Áverkar Halldóru Jennýjar, sem ákæruvaldið telur hann hafa valdið henni með refsiverðum hætti, eru mar á kálfa, hálsi, undir höku svo og mar og bólgur yfir kinnbeinum. Áverkar á kálfa fá ekki samrýmst skýringum ákærða, og

ósennilegt er, að áverkar á hálsi og undir höku séu til komnir með þeim hætti, sem hann greinir. Þá er með öllu óhugsandi, að stokkbólgin kinnbein hennar séu til komin með þeim hætti, sem hann hér greinir. Skýringum ákærða, sem þykja ósennilegar og útilokaðar og fá ekki samrýmst sýnilegum sönnunargögnum, verður því hafnað. Halldóra Jenný hefur reynst staðföst í framburði sínum. Hún gefur þá skýringu, að áverkarnir verði raktir til ákærða. Hann hafi tekið sig kverkataki, slegið sig fyrst með hnefa og síðan olnbogum og loks sparkað í sig. Sérstök vettvangsathugun og áverkavottorð styðja framburð hennar. Þegar þetta er virt, þykir ekki varhugavert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 gerst sekur um líkamsárás á hendur sambýliskonu sinni, Halldóru Jennýju, fæddri 11. janúar 1969, á heimili hennar að Áshamri 65, Vestmannaeyjum, með þeim hætti, er í 1. lið ákæru greinir. Greip ákærði um kverkar henni, sló hana hnefahögg á hægri vanga og skellti henni í gólfið. Sló hana liggjandi mörg högg í andlituð með olnbogum sínum og sparkaði í hana. Hlaut hún af þessu mar á kálfum, hálsi og undir höku og marðist og bólgnði yfir kinnbeinum. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún réttilega heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Síðari ákæruliður.

Að kvöldi sunnudagsins 2. ágúst 1992 kærði Halldóra Jenný ákærða fyrir að hafa aðfaranótt þess sama dags barið sig á heimili þeirra, Vesturvegi 20, Vestmannaeyjum. Kvaðst hún vera marin og aum eftir barsmíðarnar. Í frumskýrslu lögreglunnar í Vestmannaeyjum, sem hér er vitnað til, kemur einnig fram, að Halldóra gat þess, að hún hefði fyrr um daginn leitað læknis og ætti von á læknisvottorði um miðja vikuna.

Víðir Óskarsson heilsugæslulæknir skoðaði Halldóru Jennýju að beiðni hennar sunnudaginn 2. ágúst 1992. Í læknisvottorði, sem hann gaf fimm dögum síðar, segir hann:

„Við skoðun finnst talsvert mikið af áverkamerkjum. Hún er með væg eymsli yfir hvirfli, mar og eymsli yfir vinstra patella. Fjórir talsvert stórir marblettir eru yfir vinstra læri lateralt, mar og eymsli á vinstra kálfa og framan á sköflungi. Mikil eymsli yfir vinstra mjaðmarkamb og greinilega mar og tognun þar. Eymsl og mar hliðlægt á hægri læri og framan á hægri sköflungi. Aftan á baki yfir spjaldhrygg eru mikil eymsli og mar. Mar og eymsli yfir herðum og með eymsli yfir II. kjúku vinstri handar.“

Læknirinn hefur komið fyrir dóminn og staðfest læknisvottorðið.

Ákærði neitar afdráttarlaust að hafa valdið Halldóru þessum áverkum. Eins og sóknargögnum er hér háttað, eru einungis kærandi og ákærði kölluð til frásagnar um það, sem gerðist á Vesturvegi 20 aðfaranótt sunnu-

dagsins 2. ágúst 1992. Ákærði segir, að ekki hafi komið til átaka milli þeirra Halldóru aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992. Ekki kvaðst hann vita, hver væri valdur að þeim áverkum, er hún hefði hlotið þessa nótt. Um málsatvik að öðru leyti sagði ákærði, að þau Halldóra hefðu farið saman á skemmtistað og síðan í heimahús og þaðan á hátíðarsvæðið í Herjólfsdal. Um nóttina hefði hann hitt stúlku, Veru að nafni, og með henni farið í rútu úr dalnum og ætlað heim. Halldóra hefði náð rútnni og þær rifist alla leiðina. Halldóra hefði náð að komast á undan að heimili þeirra og náð að læsa útidyrum. Stúlkan Vera hefði þá brotið rúðuna með því að sparka í hana, en Halldóra hringt á lögregluna, sem síðan hefði fjarlægst stúlkuna. Þau Halldóra hefðu rifist eftir þetta, án þess að til átaka hefði komið á milli þeirra, og hann síðan ekki séð Halldóru fyrr en kvöld sunnudagsins 2. ágúst 1992.

Kærandi, Halldóra, hefur hér aðra sögu að segja. Hún segir, að eftir að lögreglan hafði fjarlægst stúlkuna Veru, hafi ákærði orðið heiftarlega reiður, og þar sem hún hafi verið á salerninu að þvo sér, hafi hann slegið sig tvisvar í andlitið og síðan, þar sem hún lá á gólfinu eftir hrindingu ákærða, dregið sig á hárinu og sparkað margsinis í sig. Loks, eftir að hann hafði slegið höfði hennar í útidyrakarm, hefði hann hent henni út úr húsinu með þeim orðum, að hún ætti ekki heima hjá sér. Í framburði hennar kom einnig fram, að er þau öll þrjú voru á leiðinni að heimili hennar, hefði annaðhvort ákærði eða stúlkan Vera hrint eða hent henni á verslunarglugga, en hún verið svo hrædd við ákærða, að hún þorði ekki að segja neitt. Hún hefði sloppið frá þeim og flýtt sér heim. Kærandi sagði, að eftir að ákærði hefði lokið barsmíðum sínum og hent henni út, hafi henni tekist að komast til nágranna að Vesturvegi 26 og beðið um, að hringt yrði á lögregluna, en ákærði hefði hins vegar ekki verið handtekinn.

Vitnið Héðinn Konráðsson sagðist hafa ásamt konu vitnisins, Sigríði Hörpu, verið í sömu rútu og ákærði, kærandi og stúlka, er vitnið þekkti ekki. Stúlkan og kærandi, Halldóra, hefðu farið að rífast og haldið því áfram, er út úr bílnum var komið. Þar sem ákærði og stúlkurnar gengu samsíða austur Vesturveg, hefði stúlkan skellt Halldóru upp að húsvegg, en ákærði látið þær afskiptalausar og haldið för sinni áfram. Ekki treysti vitnið sér til að segja til um, hvort kærandi, Halldóra, fékk áverka við það, að tilgreind stúlka réðst á hana, en sagði, að kærandi, Halldóra, hefði skolið með bakið í húsvegginn. Ekki kvaðst vitnið hafa fylgst með þeim eftir þetta. Síðar um nóttina hefði Halldóra komið að heimili vitnisins og fengið að hringja á lögreglu. Vitnið sagði, að Halldóra hefði sagt, að ákærði hefði mölvað rúðu með höfði hennar (sic), hún fyndi til í höfðinu, og vitninu fannst sem Halldóra væri farin að blána á kinn. Vitnið sagði,

að eftir að Halldóra hafði hringt á lögregluna, hefði hún farið út, og sá vitnið, að hún eftir komu lögreglunnar fór með lögreglunni.

Vitnið Sigríður Harpa Sigurjónsdóttir, eiginkona vitnisins Héðins, staðfesti, að kærandi, Halldóra, hefði lent í orðasennu við háa ljóshærða stúlku í rútunni. Það varð hins vegar ekki vitni að samskiptum Halldóru og stúlkunnar, eftir að úr rútunni kom, og vitnið sá ekki kæranda, Halldóru, meira þessa nótt, eftir að Halldóra hafði farið úr rútunni.

Vitnið Tryggvi Ólafsson lögreglufulltrúi staðfesti, að fyrstu rannsóknar- aðgerðir í málinu hefðu falist í skýrslutöku af kæranda mánudaginn 3. ágúst 1992, og þremur dögum síðar tók vitnið skýrslu af ákærða, en eftir það fór vitnið í sumarfrí, en hafði áður falið staðgengli sínum að taka skýrslur af vitnum, sem bjuggu á Vesturvegi, í næsta nágrenni við ákærða og kæranda, svo og að afla gagna úr dagbókum lögreglu um heimilisófrið að Vesturvegi 20.

Vitnið Pétur Steingrímsson lögreglumaður, er kom að rannsókn málsins, staðfesti lögregluaðgerðir sínar í því sambandi.

Við meðferð málsins vitnaði móðir Halldóru að ósk sækjanda um það, að dóttir hennar hefði komið til hennar árla dags sunnudaginn 2. ágúst 1992 í fylgd lögreglu og hefði dvalist þar, allt þar til lækni vitjaði hennar, og að ósk verjanda greindi frænka ákærða, Lilja Rut Sævarsdóttir, frá afstöðu sinni til málsins.

Samkvæmt 67. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er markmið rannsókna að afla allra gagna, til að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort sækja skuli mann til sakar. Í 68. gr. laganna er kveðið á um gagnaöflun, og á hún að miða að því, að aflað sé allra tiltækra gagna um verknað þann, sem um er að ræða og á annað borð má ætla, að skipti máli. Lögð er áhersla á, að leitað sé að þeim, sem grunaður er um brot, og nefnt, ef við á, að rannsaka eigi vettvang. Í 70. gr. laganna er kveðið á um, að rannsóknara beri að leita til kunnáttumanna, þegar þörf er á sérfræðilegri rannsókn, svo sem lækni skoðun.

Ljóst er, að rannsóknarhættir í máli þessu víkja í ýmsum greinum frá því, sem mælt er fyrir í lögum. Í því sambandi verður að athuga, hvort rannsóknaraðferðir voru með þeim hætti, að ákæra yrði ekki reist á fyrir- liggjandi rannsókn eða rannsóknin með öðrum hætti svo gölluð, að hún gæti ekki orðið grundvöllur að réttlátri málsmeðferð.

Af málsatvikum má ráða, að lögregla hafi fyrst komið að málinu, er kærandi, Halldóra, hringdi á lögreglu um nóttina og bað um aðstoð, vegna þess að rúða hefði verið brotin í útidyráhurð á heimili hennar. Þar voru þá ákærði, kærandi og stúlkan Vera, og virðist sem þau hafi öll verið ölvuð og æst. Lögreglan mælir fyrir um, svo að ekki komi til frekari vandræða, að kærandi yfirgefi heimili sitt og sofi um nóttina hjá móður sinni.

Kærandi vill það ekki. Lögreglan ekur stúlkunni Veru í burtu. Í málinu liggja ekki fyrir skjalleg gögn um aðgerðir lögreglu í þessu sambandi, og þeir lögreglumenn, sem hér komu að málinu, hafa hvorki við rannsókn né við meðferð málsins verið kallaðir til staðfestingar á lögregluaðgerðum. Stúlkun Vera var aldrei yfirheyrð.

Aftur leitar kærandi á náðir lögreglu stuttu síðar, er hún hringir frá Vesturvegi 26. Segir hún, að sambýlismaður sinn, ákærði, Gústaf Adolf, hafi barið sig. Ekki eru gerðar ráðstafanir til að handtaka ákærða, en lögreglan ekur Halldóru á heimili móður hennar. Ekki heldur að þessu leyti liggja fyrir í málinu skjalleg gögn um þessar lögregluaðgerðir, og hvorki við rannsókn né meðferð málsins hafa lögreglumennirnir, sem hér komu að málinu og ef til vill eru hinir sömu og áður höfðu haft afskipti af málsaðilum, verið kallaðir til vitnisburðar og staðfestingar á lögregluaðgerðum. Sérstök ástæða var þó til þess, þar sem lögreglumennirnir hefðu þá m. a. getað borið um ástand Halldóru, hugsanlega líkamsáverka o. fl. Um kvöldið kærir Halldóra formlega ákærða, og hefur lækni þá farið í vitjun til hennar.

Daginn eftir gefur kærandi skýrslu hjá RLV að viðstöddum starfsmanni frá Stígamótum. Ekki eru gerðar ráðstafanir af hálfu RLV til að tryggja örugga sönnunarfærslu með því að senda kæranda í sérstaka læknisrannsókn, vettvangur ekki kannaður og engar ráðstafanir gerðar til að handtaka ákærða. Þegar málið er sent ríkissaksóknara, að því er virðist 21. október 1992, er það í ófullkomnum búningi. Ákæra er þó gefin út 3. nóvember 1992.

Lagalega gat það staðist, að ríkissaksóknari gæfi út ákæru, reista á hinni gölluðu rannsókn. Skortur á traustum sýnilegum sönnunargögnum og markvissum rannsóknaraðferðum var hins vegar augljóslega til þess fallinn að gera sönnunarfærslu fyrir dómi erfiða. Einnig var það mjög undir hælinn lagt, að sækjandi með svo gallaða rannsókn í höndum gæti af hlutlægni leitt fram í dómi staðreyndir málsins, sem sýndu sekt ákærða. Það hefur ekki heldur tekist hér. Til að réttlát málsmeðferð yrði tryggð og vafaatriðum eytt, var vitnaframburður stúlkunnar Veru og lögreglumannanna, sem óku kæranda um nóttina, nauðsynlegur. Þar sem þessir ágallar eru á málsmeðferð og sökum sönnunarskorts, verður ákærði, Gústaf Adolf Þórarinsson, sýknaður af þeirri háttsemi, sem hann er sakaður af ákæruvaldinu um að hafa framið og í síðari lið ákæru greinir.

III.

Refsiákvörðun.

Ákærði, Gútaf Adolf Þórarinsson, er sakhæfur, en hann er fæddur 13. maí 1963 og hefur skv. vottorði frá Sakaskrá ríkisins sætt refsingum sem hér segir:

„1984 15/3 Vestmannaeyjar. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 1 ár frá 15. 3. 1984.

1989 1/6 Vestmannaeyjar. Sátt: 36.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umfl. Sviptur ökul. 3 ár frá 1. 6. 1989.“

Eins og að framan greinir, verður ákærða einungis refsað fyrir fyrri ákærulið, þ. e. brot, framið 3. ágúst 1991. Þegar refsing er ákvörðuð fyrir það brot, verður að hafa í huga, að ákærði gekk á fólkskulegan hátt í skrokk á sambýliskonu sinni og veitti henni umtalsverða áverka. Ákærði sýndi eftir brotið engin merki iðrunar, og þykir refsing hans, sem varðar, eins og að framan greinir, við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og í samræmi við niðurstöðu málsins ber að dæma ákærða til að greiða helming alls sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 70.000 krónur, en af hálfu ákæruvalds sótti málið hér fyrir dóminum Lúðvík Bergvinsson, fulltrúi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem fékk mál þetta til meðferðar 10. nóvember 1992, dæmir mál þetta. Vegna mikilla embættisanna dómarsans dróst dómsuppkvaðning nokkuð, en málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 15. f. m.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gústaf Adolf Þórarinnsson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 70.000 krónur.